

Orkustofnun
b.t Kristjáns Geirssonar
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2023
UST202311-090/R.K.
08.09.01

Efni: Umsögn - Nýtingarleyfi HS Veitna hf. við Árnarétt í Garði

Umhverfisstofnun barst þann 13. nóvember beiðni frá Orkustofnun um umsögn vegna nýtingarleyfis HS Veitna hf. við Árnarétt í Garði. Í beiðninni kemur fram að Orkustofnun hafi metið fyrirbyggjandi gögn frá umsækjanda nægilega upplýsandi til frekar vinnslu erindisins í ljósi ríkra almannahagsmuna og yfirlýstu neyðarstigi Almannaþingarinnar vegna yfirvofandi eldgoss. Umhverfisstofnun veitti HS Veitum hf. bráðbirgðaheimild til boranna þann 13. nóvember og þar koma fram eftirfarandi kröfur vegna vöktunar í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar og umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins.

Umhverfisstofnun gerði eftirfarandi skilyrði vegna vöktunar á grunnvatnshlotinu Rosmhvalanes 2 (104-115-2-G) í bráðabirgðaheimildinni.

1. Vakta skal hæð vatnsborðs á svæðinu og tryggja að meðalvatnstaka á ári til langs tíma sé ekki meiri en grunnvatnsauðlindin sem er tiltæk.
2. Vakta skal breytingar á leiðni grunnvatns og mega þær ekki benda til innstreymis saltvatns inn í grunnvatnshlotið.

Þar sem um er að ræða möguleg áhrif á svæði fyrir neysluvatnstöku telur Umhverfisstofnun það mikilvægt að áhrif vatnstöku á magnstöðu grunnvatns séu vandlega metin í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Vatnsbólið við Árnarétt er innan grunnvatnshlotsins Rosmhvalanes 2, vatnshlotanúmer 104-115-2-G. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Ástand vatnshlotsins má ekki rýrna, hvorki varanlega né tímabundið.

Hæð grunnvatnsborðsins í Rosmhvalanes 2 mælist einungis 1–2 m yfir sjávarmáli og samstendur af fersku grunnvatni sem flýtur ofan á eðlisþyngri jarðsjó. Rannsóknir á svæðinu sýna að vatnshlotið sé undir nokkrum áhrifum innstreymis salts í nálægð strandar (sjá skýrslu ÍSOR nr. 2021/009). Af þessum aðstæðum geta breytingar á magnstöðu vegna aukinnar vatnstöku mögulega leitt til innstreymis salts í ferskvatnslinsuna.

Samkvæmt kafla 2.1.2. reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun mega breytingar á hæð grunnvatns ekki hafa í för með sér innstreymi salts vatns né aukna hreinsipörf neysluvatns. Meðalvatnstaka á ári til langs tíma má heldur ekki vera meiri en grunnvatnsauðlindin sem er tiltæk.

Umhverfisstofnun óskar þess vegna eftir að hæð grunnvatnsborðs og leiðni grunnvatns á svæðinu verði vöktuð. Athuganir skulu gerðar nægilega oft til að unnt sé að meta magnstöðu grunnvatnshlotsins, að teknu tilliti til skammtíma- og langtímabreytinga á endurnýjun grunnvatns. Ef vöktun þessara þátta fer fram samkvæmt þessum skilyrðum telur Umhverfisstofnun það nægilega ráðstöfun til að tryggja að markmið um góða magnstöðu verði náð til langs tíma.

Virðingarfyllt

Ríkey Kjartansdóttir,
sérfræðingur

Carl Andreas Fossick Ströberg
sérfræðingur